



Hólmsárvirkjun

Hólmsárvirkjun - Mat á umhverfisáhrifum

Fyrirhugað Hólmsárvirkjun er í Skaftárhreppi, skammt austan Mýrdalsjökuls. Hólmsá á upptök sín í lindum í útjaðri Mælifellssands og öflugum uppsprettum á vatnasviðinu. Áin rennur í Flögulón og þaðan til sjávar. Eyrarnar, þar sem fyrirhugað lónstæði er, og næsta nágrenni eru melar og hraun sem grónir eru að hluta. Fuglar verpa meðfram Hólmsá og í ánni er staðbundinn bleikjustofn. Markmið með mati á umhverfisáhrifum er að lýsa áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á náttúruferum og menningarmínjar á svæðinu.

Landsvirkjun og Orkusalan eru framkvæmdaaðilar Hólmsárvirkjunar en Almenna verkfræðistofan hefur haft umsjón með gerð matsáætlunar. Drög að tillögu að matsáætlun hefur verið kynnt umsagnar- og hagsmunaaðilum og að loknu því ferli verður tillagan send Skipulagsstofnun til umfjöllunar.

Tilhögun virkjunar

Tilgangur með gerð Hólmsárvirkjunar er að mæta vaxandi orkupörf í landinu jafnt til almennra nota sem iðnaðar á sjálfbærnan hátt með verðmætasköpun, hagkvæmni og bætt lífskjör að leiðarljósi.

Hólmsá er stífluð við Atley með 38 m hárra jarðstíflu. Um 10 km² miðlunarlón myndast. Úr lóninu er vatni veitt um 6 km löng aðrennslisgöng að stöðvarhúsi þar sem taka við um 1 km löng frárennslisgöng. Að lokum skilar 900 m langur frárennslisskurður vatninu út í Flögulón. Stöðvarhús, og op aðkomuganga verða í heiðinni milli Hrifuness og Flögu.

Tímaáætlun mats á umhverfisáhrifum.

Áformað er að tillaga að matsáætlun liggja fyrir í júní 2011 og stefnt er að því að frummatsskýrsla verði tilbúin vorið 2012. Formlegt kynningarferli frummatsskýrslu fer fram á fyrri hluta árs 2012. Ef áætlanir ganga eftir mun matsferli ljúka í ársbyrjun 2013.



Horft yfir Fram svæðið í Úlfarsárdal, Úlfarsfell í baksýn.

Íþróttamannvirki í Úlfarsárdal

Framkvæmdir við íþróttamannvirki FRAM í Úlfarsárdal hófust að nýju nú í vikunni þegar byrjað var að fjarlægja farg ofan af væntanlegum gervigrasvelli. Fargið sem hefur staðið á vellinum síðan á haustdögum 2008 verður nú m.a. nýtt sem burðarlag undir fjölnota grasæfingasvæði sunnan Úlfarsár. Það er mikið fagnaðarefni fyrir Framara að sjá aðstöðu félagsins rísa upp úr mýrinni.

Í þeim áfanga sem unninn verður í sumar og haust verður lokið við gervigrasvöllinn og sáð í u.þ.b. 1,5 ha spildu sem ætlunin er að verði nýtt undir æfingar sumarið 2012. AV sér um jarðtæknilega hönnun, burðarþol og lagningu.

Knattspyrnufélagið Fram stefnir að því að flytja alla starfssemi sína upp í Úlfarsárdal í framtíðinni. Á svæðinu verður aðalkeppnisvöllur, gervigrasvöllur og æfingasvæði félagsins.



Steingrímsstöð – Viðgerð á árlökum og steypum mannvirkjum

Landsvirkjum hefur ákveðið að ráðast í viðgerðir og endurbætur á flóðgáttarlokum og steypum mannvirkjum við inntaksmannvirki Steingrímsstöðvar. Mannvirkið er staðsett í útfalli við suðurbakka Þingvallavatns, þaðan sem vatni er stýrt niður í Úlfjótssvatn, neðan Steingrímsstöðvar. Flóðgáttarlokur eru tvær og eru þær hvor um sig um 4 m á hæð 15 m á lengd. Lokurnar eru staðsettar á steypu yfirfalli og eru steypir stífluveggir til beggja hliða frá yfirfallinu. Verkið felur í sér smíði og uppsetningu á viðgerðarlokum og römmum fyrir viðgerðarlokum, uppsetningu á viðgerðarlokum, niðurtekt á árlökum, endurbætur og viðgerðir á þeim ásamt yfirborðsmeðhöndlun og málun og svo uppsetningu og prófunum. Verkið felur einnig í sér viðgerðir á steyptri plötu yfirfalls- og yfirborðsviðgerðir á steypu stíflu- og lokumannvirkis ásamt málningarvinnu. Fyrirhugað er að vinna við aðra lokuna fari fram sumarið 2011 og þá síðari sumarið 2012.

Almenna verkfræðistofan annast umsjón og eftirlit með verkinu.

Almenna verkfræðistofan

í fjörutíu ár

Almenna verkfræðistofan varð 40 ára 16. apríl sl.



Samvinnan í fyrirrúmi



Sigurliðið í ratleiknum

Almenna í 40 ár

Almenna verkfræðistofan (AV) var stofnuð 16. apríl 1971 og er því 40 ára um þessar mundir. AV tók þá við rekstri verkfræðistofu Almenna bygginga-félagsins hf. (ABF). En það félag var stofnað árið 1941 og rak umfangsmikla verktaka- og ráðgjafarstarfsemi um 30 ára skeið.

ABF kom mikið við sögu þeirrar uppbyggingar og iðnvæðingar, sem átti sér stað í landinu á starfsárum þess.

Stofnendur AV störfuðu allir hjá ABF, þannig að Almenna verkfræðistofan stendur á gömlum merg.

Almenna hefur frá upphafi veitt almenna og sérhæfða þjónustu á sviði byggingar- og vélaverkfræði, umhverfisverkfræði, svo og náttúrufræði.

Þjónustan felst í alhliða tækniráðgjöf samkvæmt óskum viðskiptavina, allt frá gerð fyrstu frumdraga og forrannsóknnum til endanlegrar hönnunar mannvirkja, framkvæmda og rekstrar.

Þjónustan skiptist í 4 markaðssvið:

Byggingar og iðnaður, Orka og veitur, Umhverfi og skipulag, Verkefnastjórnun. Auk þess rekur fyrirtækið skrifstofu á Akranesi.

Umhverfið skiptir okkur máli

Miðvikudaginn 18. maí tóku starfsmenn Almennu og Hreyfils til hendinni á lóðinni í kringum Fellsmúla 26. Góða veðrið var nýtt til hins ýtrasta og afraksturinn eftir því eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Að tiltekt lokinni var boðið upp á grillaðar pylsur með öllu tilheyrandi.



Heyrst hefur að nágrannar úr N1 hafi grætt aðeins á þessu tiltæki okkar og nokkrir þeirra tekið pylsurarnar fram yfir bjúgu sem stóðu þeim til boða í þessu tiltekna hádegi.

Mission 101

Á Almennu hefur það tíðkast að fagna sumri og vetri með pompi og prakt. Þar sem sumardagurinn fyrsti rann saman við páskana var fagnaðinum aðeins seinkað í þetta skiptið.

Föstudaginn 29. apríl fór stór hluti starfsmanna Almennu fylktu liði niður í miðbæ Reykjavíkur til að taka þátt í Mission 101, GPS ratleik á vegum viðburðarsmiðjunnar Eskimos. Í vikunni fyrir var búið að skipta starfsmönnum upp í fimm lið og hver og einn liðsmaður hafði fengið hlutverk fyrir stóra daginn, liðstjórar, stílistar, stuðboltar, navigatorar ofl. Gaman var að sjá hversu mikið liðin höfðu undirbúið sig í búningagerð og fleiru skemmtilegu.



Draumaliðið í Bittaham...



Ratleikurinn fór fram í 101 Reykjavík þar sem hóparnir fengu uppgefin GPS hnit til að finna stöðvar þar sem leysa þurfti mismunandi þrautir og svara ýmsum spurningum.

Eftir að leiknum lauk var farið aftur í Fellsmúla þar sem úrslit leiksins voru tilkynnt og veglegur bikar afhentur vinningshöfum. Þegar fólk hafði náð sér niður var sest að snæðingi og almenn gleði fylgdi í kjölfarið fram eftir nóttu.

NÝIR STARFSMENN



Runólfur Bjarki Sveinsson

er með B.Sc. gráðu í byggingartæknifræði frá VIA University College, Horsens, Danmörku.

Runólfur hóf störf á Byggingar og iðnaðarsviði í apríl sl.